

Allt hluti af sköpunarferlinu

● Yfirlitssýning á verkum Guðjóns Ketilssonar verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag ● „Eins og að safna saman stórfjölskyldunni á ljósmynd,“ segir Guðjón um að safna saman verkum rúmlega 40 ára

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbl.is

Jæja. Þá er loksins komið að því, yfirlitssýningu á verkum Guðjóns Ketilssonar sem lengi hefur verið með áhugaverðustu myndlistar-mönnum landsins. Og heiti sýningarinnar er einmitt *Jæja* – eitt verkið á sýningunni þrýkkir þetta margræða orð síendurtekið á jörðina.

Sýningin verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag, laugardag, klukkan 16, með fjölbreytilegum verkum frá ferli listamannsins. Guðjón hefur einkum lagt stund á skúlptúr og er einstakur hagleiksmaður, en teikningin er líka fyrirferðarmikil í list-sköpun hans. Hann er fæddur árið 1956 og er sjötti listamaðurinn sem er valinn til þátttöku í sýningaröð Listasafns Reykjavíkur þar sem farið er yfir feril lykilmanna í íslensku myndlistarlífi.

„Ég hef nú verið í þessu í rúm fjörutíu ár. Það var mikill heiður að vera boðið að setja upp þessa sýningu hér og ég gladdist yfir því að Markús Þór Andrússon tæki að sér að vera sýningarstjóri og vinna í þessu með mér,“ segir Guðjón.

„Yfirlitssýning er skrytið fyrirbæri, og svoltið yfirþyrmandi tilhugsun, en um leið mjög spennandi að takast á við. Þetta er eins og að safna saman stórfjölskyldunni á ljósmynd. Maður sér söguna teygjast aftur í tímann og rifjar upp kynni af gömlum hlutum. Og ég hef bókstaflega verið að taka fram kassa með verkum sem eru svona 30 ára gömul og ég hef ekki séð allan þann tíma,“ og Guðjón bendir sem dæmi á stórt höfuð úr tré sem liggur á gólfinu.

– Þessu verki man ég nú vel eftir, hef fylgst af athygli með verkum þínum allan þennan tíma. Þess vegna er líka svo spennandi að ganga hér inn og mæta þínum myndheimi til 40 ára.

„Mér finnst það líka mjög skemmtilegt, ég viðurkenni það,“ segir Guðjón og brosir. „Ég mæti hér í eldri verkum hugmyndum og fyrirbærum sem ég finn að ég er að



Listamaðurinn Guðjón Ketilsson innan um verk sín á Kjarvalsstöðum: „Yfirlitssýning er skrytið fyrirbæri.“

fást við enn í dag. Ég hef staðið með sum gömlu verkanna hissa á því að þessi gaur hafi verið að pæla í þessu á þeim tíma!

Hér eru ný verk hér líka, því ég er alltaf að vinna. Á endaveggnum er eitt stórt sem ég var byrjaður að vinna að og sýningin var kærkomið tækifæri til að klára og setja upp.

Við að vinna jafnt og þétt að sköpunarverkum þá er ég ekki að setja þau meðvitað í samhengi við fortíðina. Ég er bara að hugsa um það sem ég vinn að á hverjum tíma. En, svo er kikk að sjá verkin í samhengi við öll hin,“ segir Guðjón.

„Það segir sig sjálf að ekki komast öll verk að. Á sýningunni eru valin verk frá undanförunum 40 árum. Ég hefði auðveldlega getað fyllt báða sali hússins og gangana.“

Þegar gestir ganga inn á Kjarvalsstaði taka á móti þeim skúlptúrar og teikningar Guðjóns af húsum Norðurmýrarinnar. Hvers vegna

leitir hann oft í að túlka þann ramma um tilvistina sem hús er?

„Í rauninni er það á einhvern hátt svipað og ég nálgast klæði í mörgum verkanna, sem skel utan um líkamann. Við að hugsa um þá skel á þrívíðan hátt þá kemur arkitektúrinn í hugann. Það eru margir fletir á þessu.“

Vinnustofan heilagur staður

– Þú minnst á klæðin og hér eru til dæmis lágmyndaraðir þar sem þú hefur á þrívíðan hátt skorið út klæði sem birtast í þekktum málverkum fyrri alda. Þessi svörtu höfuðföt þarna til dæmis, sækirðu þau ekki í málverk eftir Bruegel?

„Jú, og þessi klæði þarna eru brot úr ýmsum barokk- og endurreisnarmálverkum, eftir Velazquez, Jan van Eyck og Caravaggio. Hugmyndin var að vinna með lágmyndina sem fyrirbæri sem er mitt á milli þess að vera skúlptúr og tvívítt. Barokkmál-

arnir voru leiknir í að vinna með dýpt í málverkum og sýndu oft færni sína með því að mála klæði. Ég tók það fyrir og vann með þær sjónhverfingar sem lágmyndin þarf til að ganga upp.“

– Annað gegnumgangandi þema hjá þér er skórnir sem eru hér í nokkrum verkum.

„Jú, fyrir mér tengjast skórnir mikið líkamanum beint, manneskjunnar sjálfri. Eins og klæðin sem eru líka eins konar staðgenglar fyrir restina af líkamannum. Þannig eru þetta á einhvern hátt manneskjur.“

– En teiknuð kort eins og þau sem hanga hér, af ýmsum borgum?

„Í þessu tilfelli var ég að hugsa um strúktúr. Ég var að skoða borgarmyndir úr ólíkum menningarsvæðum og hvort það væri hægt að skilgreina með teikningunum hugun í borgarskipulagi, strúktúr borganna. Í þessu stóra verki hér sem heitir *Skel* ber ég það svo saman við

strúktúr í sundurteknum húsgögnum og sykurmolahúsum, sem tengjast til dæmis kubbaleik barna.“

– Svo er hér stór veggteikning sem ég sá áður á sýningu hjá þér í New York.

„Síðari árin hef ég unnið sífellt meira með texta, skrift og bókstafi, í tengslum við teikningu. Á sínum tíma vann ég út frá hugleiðingum sem urðu til á göngutúrum og eru um það hvernig tilviljanir geta orðið á vegi manns og breytt leiðum, eins og í lífinu sjálfu. Þessir göngutúrar mynda hálfgerð götukort, eða vísa til slíks korts. Stór hluti frásagnarinnar er sannleikanum samkvæmur en annað er uppdiktað.“

– Hér eru teikningar þínar af annars vegar Passíusálmunum 52, sem þú skrifað upp með þínum hætti, og Völuspá. Þú endurvinnur þessi merku verk.

„Bæði hef ég verið almennt spenntur fyrir þessum íslensku bókmenntaperlum og svo sem þessum sköpunarsögum, sem ég með mínum hætti afbyggi og geri textann ólesanlegan; ég eyði texta um sköpunina um leið og ég skapa á vissan hátt eitthvað nýtt. Þar fer af stað hringrás. Og í verkinu Völuspá renna öll erindin saman í lokin og þar verða ragnarök!“

Á suðurvegg salarins er nýtt stórt ljósmyndaverk Guðjóns, þrjú pör sem sýna þrjár innsetningar sem hann hefur sett upp í glugga vinnustofu sinnar; fyrri myndin er tekin á sumarslóstöðum og horft er út um gluggann og á hlutina sem eru þar á hillum og verða til á vinnustofunni, hin myndin er tekin á vetrarslóstöðum og þar er horft á gluggann að utan. Þetta er áhrifaríkt verk um sköpun listamannsins og líka það að horfa og skynja.

„Vinnustofan er eiginlega heilagur staður fyrir mér,“ segir hann. „Mér líður hvergi betur. Rútínan þar er mér mikilvæg – þar geri ég alls konar tilraunir, stundum geri ég ekki merkilega hluti en kjánalega hlurnir eru líka mikilvægir því allt er þetta hluti af sköpunarferlinu.“

Fyrirtæki og verslanir

Heildarlausnir í
umbúðum

Pappír

Pokar

Pakkaskraut

Skreytingarefni

Sellófan

Borðar

Bönd

Kort

Teyjur

Kynntu þér úrval
á vefverslun
www.danco.is

Heildsöludreifing

DANCO
HEILDVERSLUN
www.danco.is



Ljósmynd/Guðjón Ketilsson

Tími – minning Verk Guðjóns á Umhverfingu nr. 4 sem hvarf í hafid.

Verk Guðjóns á Ströndum hvarf

Guðjón Ketilsson var einn 127 listamanna sem áttu verk á hinni viðamiklu sýningu, Umhverfingu nr. 4, sem stóð yfir í sumar á Vestfjörðum og í Döllum. Við Sauðfjarsetrið á Stöndum setti hann upp stórt verk sem hann kallaði *Tími – minning*. Verkið fauk á haf út í fjarviðrinu um líðna helgi og er horfið.

„Það eru blendnar tilfinningar,“ segir Guðjón um hvarf verksins sem margir hafa lofað. „Ég var að undirbúa að taka það niður fyrir veturinn en fékk svo þær fréttir að það væri horfið! Með öllu. Því fylgir líka skringilega góð tilfinning, því þetta er svo ljóðrænn endir.“

Prívítt myndverkið var byggt á

minningum Guðjóns frá sumrum í sveit á Ströndum á 7. áratugnum og nú er verkið líka orðið að minningu.

„Já, og mér finnst það í raun alveg stórkostlegt – en þori varla að segja það!“ segir hann og hlær.

Verkið byggðist á minningum Guðjóns um gamlan blindan mann sem hafði það fyrir reglu að koma út úr húsi sínu og ganga réttislaus hringinn í kringum það, kvöld og morgna. Á höndum bar hann þykka lopavettlinga. Blindu sinnar vegna þurfti hann að styðja sig við húsvegginn á göngu sinni og með tímanum setti hann mark sitt á hvíta húsveggina og brún línar eftir vettlinginn í brjóst-hæð varð sífellt dekkri og skýrari.